

Atvinnuveganefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis

101 Reykjavík

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. apríl 2023

E-2023-130/00.11

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samræmda vefgátt leyfisveitinga og einföldun á ferli við undirbúning framkvæmda

Landsvirkjun vísar til tillögu til þingsályktunar um samræmda vefgátt leyfisveitinga og einföldun á ferli við undirbúning framkvæmda, 209. mál, sem er til meðferðar innan atvinnuveganefndar Alþingis. Landsvirkjun þakkar tækifæri til umsagnar.

Landsvirkjun fagnar almennt öllum aðgerðum stjórnvalda sem eru til þess fallnar að auka skilvirkni og einfalda ferli um leyfisveitingar og undirbúning framkvæmda vegna nýrra orkumannvirkja og er einnig jákvætt gagnvart því ef hægt er að nýta stafvæðingu í auknum mæli til þessa.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið hvað varðar loftslagsmál og innlend orkuskipti og ljóst er að auka þarf framboð á raforku eigi þau markmið að nást. Þá má nefna að stjórnvöld vinna nú um stundir að því að treysta umgjörð raforkumála með það að markmiði að tryggja betur raforkuöryggi. Aukin skilvirkni í leyfisveitingaferli og undirbúningi framkvæmda við ný orkumannvirki styður óneitanlega við ofangreind markmið stjórnvalda og yfirstandandi vinnu.

Landsvirkjun vill einnig draga fram mikilvægi þess að hugað sé að skilvirkri umgjörð um kærheimildir, kæruleiðir, meðferð kærumála og dóma og hvernig slíkt hefur heildstætt áhrif á leyfisveitingaferlið og undirbúning framkvæmda. Leyfisveitingaferli og undirbúningur framkvæmda við orkumannvirki er langt og ítarlegt þrepaskipt ferli. Má hér nefna rammaáætlun, mat á umhverfisáhrifum, umhverfismat áætlana, skipulagsferli, ólíkar leyfisveitingar og opið umsagnarferli á ýmsum stigum. Landsvirkjun hvetur til þess að hugað sé að því að auka skilvirkni, skýrleika og gegnsæi hvað varðar kærumál á ólíkum stigum í þessu þrepaskipta ferli. Landsvirkjun telur þannig til að mynda ógagnlegt ef annmarkar á einum afmörkuðum þætti í annars vandaðri vinnu orsaka að þróunaraðila sé gert að endurtaka önnur ótengd og vel unnin verk með auknum kostnaði og afleiddum töfum.

Ef Ísland á að ná metnaðarfullum loftslagsmarkmiðum stjórnvalda þá er mikilvægt að ólík stjórnsýslustig, stofnanir landsins og fyrirtæki gangi í takt og að aðilar rói í sömu átt. Í því sambandi ítrekar Landsvirkjun ánægju sína með skref í átt að einföldun leyfisveitingaferla.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir

Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen

Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni